

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Kópavogi 22. mars 2024

Efni: Umsögn um Landssamtaka landeigenda á Íslandi um frumvarp til breytinga á lögum um þjóðlendur, 737. mál.

Almennt:

Í gildi eru lög nr 58/1998 með síðari breytingum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendana og afrétta. Lögin voru upphaflega sett á árinu 1998 en þeim hefur verið breytt amk 10 sinnum og nær alltaf til hahsbóta fyrir ríkisvaldið og andstætt hagsmunum landeigenda. Breytingarnar sem nú eru boðaðar eru, að mati landsamtakanna að mestu óþarfar og virðist helst til þess fallnar að hnykkja enn og aftur á hagsmunum ríkisvaldsins. Í regluverkinu og þá sérstaklega þegar lögfesta á viðbót við reglugerðarheimild, þarf afdráttarlausari ákvæði til þess að koma í veg fyrir að spillingu og afskipti hagsmunaaðilja þar sem um er að ræða ráðstöfun á þeim eignarréttundum og/eða auðlindum sem eru til staðar í þjóðlendum. Tryggja þarf svonefnda „armslengd“ þegar kemur að ákvörðunum um landnýtingu í þjóðlendum.

Athugasemdir við einstakar greinar:

1. Gr.

Landssamtökin telja að að núgildandi ákvæði 1. þjóðlendulaga sé skýrt til skilgreiningar á því hvað teljist þjóðlendur á Íslandi og að sú viðbót sem ráðgerð er í fyrirbyggjandi frumvarpi sé með öllu óþörf. Ennfremur mótmæla samtökin því að sett verði ákvæði um að einhver tiltekin landsvæði á Íslandi geti fallið til ríkisins án nokkurrar málsmeðferðar. Óbyggðanefnd (og síðan dómstólar) hefur þegar farið yfir þau svæði á landinu þar sem talið er að einstaklingseignarréttur hafi með einhverjum hætti fallið niður. Yfirferð óbyggðanefndar var frá upphafi ætlað að vera einskiptisaðgerð og með henni var varanlega staðfestur eignarréttur ríkisins að hálendinu. Ekki verður með nokkrum hætti séð að eignarréttur að landi sem nú er undirorpið beinum einstaklingseignarrétti, geti fallið niður og þar með til ríkisins og er öllum hugleiðingum um slíkt mótmælt.

Um landauka og ný landsvæði sem verða til,(til dæmis Surtsey) gilda nú þegar fullnægjandi ákvæði sem engin ástæða er til þess að breyta.

2. Gr

Almennigar stöðuvatna eru eign þeirra jarða sem að vötnunum liggja. Engar deilur hafa staðið um þá. Ákvæðið er óþarft og til þess fallið að vekja mögulega upp deilur.

3. Gr

Ákvæðið á ekki heima hér. Um er að ræða ákvæði sem ætti frekar heima í lögum um loftslagsmál (nú l 70/2012), náttúruverndarlögum (nú lög 60/2013), lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir (nú 7/1998) eða lögum um umhverfisábyrgð(nú l 55/2012)

4. Gr til og með 9. Gr

Engar sérstakar athugasemdir.

10.Gr

Engin ástæða er til þess að setja svo stutt tímamörk á endurupptöku. Réttara væri að færa endurupptökuákvæðið undir dómstóla vegna þess að nefndin er að ljúka störfum og verður lögð niður.

11.Gr

Engar athugasemdir


14. Gr

Skipun sérstakrar nefndar vegna endurupptöku er óheppileg og óþörf eftir að óbyggðanefnd hefur þjónað hlutverki sínu og verð lögð niður. Haga má regluverkinu á þann veg að endurupptaka og/eða endurskoðun falli undir almenna dómstóla eftir að óbyggðanefnd hefur lokið störfum

Ekki eru sérstakar athugasemdir við aðrar greinar

Virðingarfyllst

f.h Landsamtaka landeigenda á Íslandi



Sigurður Jónsson hrl